

Sorpsamlag Þingeyinga ehf  
Víðimóar 2  
640 Húsavík

Reykjavík, 8. nóvember 2019  
UST201909-188/F.T.  
08.14.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 21. október sl. þar sem Sorpsamlagi Þingeyinga ehf. var veitt áminning vegna frávika er skráð voru í eftirliti þann 27. maí 2019. Þann 30. október sl. barst úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### **Frávikan eru eftirfarandi:**

- 1. Gr. 1.6 í starfsleyfi.** Verði rekstri hætt tímabundið eða varanlega skal gera ráðstafanir til þess að spilliefnum og öðrum úrgangi sé fargað á viðurkenndan hátt. Ganga skal frá húsnæði, geymum, lögnum, og tækjum í samræmi við fyrir fram gerða áætlun. Frágangi í samræmi við viðbragðsáætlun er ekki lokið. Skv. úrbótaáætlun rekstraraðila verða gamlar raflagnir og stjórnþúnaður sem stjórnaði gömul brennslutækjum fjarlægð og komið í endurvinnslu. Áætluð verklok eru í byrjun árs 2021.
- 2. A og h-lið 38. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.** Rekstraraðilar atvinnurekstrar skulu tryggja að gerðar séu allar viðeigandi ráðstafanir til að koma í veg fyrir mengun frá starfsemi þeirra og að nauðsynlegar ráðstafanir séu gerðar þegar starfsemi er stöðvuð endanlega til að komast hjá allri hættu á mengun og koma staðnum, þar sem starfsemi fer fram, aftur í viðunandi horf eins og skilgreint er í 16. gr. Ástand hreinsivirkis skapar verulega hættu á mengun. Skv. úrbótáaætlun rekstraraðila verða síupokar fjarlægðir úr hreinsivirkni og þeim komið í förgun sem og rafþúnaður og lagnir í hreinsivirknu aftengdar og komið í endurvinnslu. Áætluð verklok eru fyrir sumarið 2020. Klæðning og grind hreinsivirkis verði rifin niður og komið í endurvinnslu í byrjun árs 2021.

**Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti.**

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **26.400 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst



Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri



Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra